

Akureyri, 30. desember 2019

Aðildarsveitarfélög Eyþings – Sambands sveitarfélaga í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses.

### **Efni: Tilkynning um stofnun nýrra landshlutasamtaka á Norðurlandi eystra.**

Á grundvelli samþykktar aðalfundar Eyþings, aukaaðalfundar Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og fulltrúaráðsfundar Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga hefur verið samþykkt að sameina starfsemi félaganna þriggja í ný landshlutasamtök; *Samtök atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra*.<sup>1</sup>

#### **Úr bókun Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga (sjá fundargerð á heimasíðu atthing.is):**

„Fulltrúaráðsfundur Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses., haldinn í Skúlagarði 19. nóvember 2019 samþykkir fyrir sitt leyti sameiningu Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga í ný landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra. Ný samtök skulu taka við verkefnum þeirra þriggja eininga sem um ræðir. Einnig samþykkir fundurinn framlagða tillögu stýrihóps, framlagðar samþykktir, með þeim breytingum sem samþykktar voru á aðalfundi Eyþings á Dalvík 15. nóvember sl. og önnur framlögð gögn er að sameiningu snúa og eiga við um hin nýju landshlutasamtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra“.

#### **Úr bókun Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (sjá fundargerð á heimasíðu afe.is):**

„Í samræmi við ályktun aðalfundar félagsins frá 2018 og samþykktar aðalfundar Eyþings frá 15. nóvember sl. samþykkir fundurinn að færa alla starfsemi og verkefni Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs., eins og þeim er lýst í 3. gr. samþykktar félagsins, til Samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra kt. 561192-2199“.

#### **Starfsemi Samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra.**

Ný landshlutasamtök, Samtök atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra, hefja starfsemi 1. janúar 2020 og starfa þá á grundvelli kennitölu Eyþings. Frá og með 1. janúar 2020 yfirtaka samtökin réttindi og skyldur atvinnuþróunarfélaganna og þar með talið framlög sveitarfélaganna til Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, kt. 551298-2729, og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga, 451218-0420.

#### **Bankaupplýsingar:**

Banki: 1187-26-000381.

Kennitala: 561192-2199.

<sup>1</sup> Vinnuheiti, en nafn samtakanna verður ákveðið á grundvelli nafnasamkeppni sem stendur yfir.



### **Stjórn og framkvæmdastjóri.**

Stjórn Samtaka atvinnuþróunar og sveitarfélaga á Norðurlandi eystra er skipuð sjö einstaklingum og jafn mörgum til vara.

### **Stjórn skipa:**

Hilda Jana Gísladóttir, formaður, Akureyri.  
Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi.  
Eva Hrund Einaradóttir, Akureyri.  
Helga Helgadóttir, Fjallabyggð.  
Axel Grettisson, Hörgársveit.  
Helgi Héðinsson, Skútustaðahreppi.  
Sigurður Þór Guðmundsson, Svalbarðshreppi.

Framkvæmdastjóri samtakanna er Helga María Pétursdóttir.

Óskað er eftir staðfestingu á móttöku og upplýsingum ef frekari gagna eða upplýsinga er óskað.

F.h. stjórn Eyþings, Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar bs. og Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga ses.

Sigmundur Einar Ófeígsson

Framkvæmdastjóri AFE

Reinhard Reynisson

Framkvæmdastjóri AP

Helga María Pétursdóttir

Starfandi framkvæmdastjóri Eyþings